



Búnaðarsamband Dalamanna

Forveri Búnaðarsambands Dalamanna var Búnaðarsamband Dala og Snæfellsness, stofnað 19. maí 1914 og starfaði til 1947 þegar ákveðið var að skipta sambandinu upp í tvö félög.

Búnaðarsamband Dalamanna var stofnað 10. maí 1947 í Ásgarði. Fyrsti formaður félagsins var Ásgeir Bjarnason í Ásgarði.

Síðasti aðalfundur Búnaðarsambands Dalamanna var haldinn 26. apríl 2001 á Laugum í Sælingsdal. Þáverandi formaður sambandsins var Bjarni Ásgeirsson í Ásgarði.

Búnaðarsamband Dalamanna gerðist aðili að Búnaðarsamtökum Vesturlands.

Félög innan Búnaðarsambands Dalamanna hafa verið Búnaðarfélag Hörðudalshrepps, Búnaðarfélag Miðdalahrepps, Búnaðarfélag Haukadalhrepps, Búnaðarfélag Laxárdalhrepps, Búnaðarfélag Hvamssveitar, Búnaðarfélag Fellsstrandarhrepps, Búnaðarfélag Klofningshrepps, Búnaðarfélag Skarðshrepps og Búnaðarfélag Saurbæjarhrepps.

Búnaðarsamband Dalamanna var aðili að Búnaðarfélagi Íslands (1899-1995), Stéttarsambandi bænda (1946-1995) og Bændasamtökum Íslands (1995-).

Heimildir

Þorsteinn Þorsteinsson og Magnús Friðriksson. Búnaðarsamband Dala og Snæfellsness 1914-1939. 1940. Félagsprentsmiðjan. 270 bls.

Einstaklingar sem hafa í fórum sínum skjöl, ljósmyndir eða muni tengda félaginu er bent á að hafa samband við héraðsskjalavörð til að koma þeim í örugga vörslu og veita aðgang að þeim.

Fundargerðarbók 1959-1967 hefur ekki enn fundist.

Afhendingar

IS-HD-2009-6 Fannst í skjalageymslu 2010 án nánari skýringa um afhendingu.

IS-HD-2017-21 Afh. Bjarni Ásgeirsson í Ásgarði 15. desember 2017. Mótt. Valdís Einarsdóttir

Skjalaskrár

IS-HD-2009-6-1 Búnaðarsamband Dalamanna

1. Fitumælingar nautgriparæktarfélaganna 1965. Græn innbundin bók.
2. Framræsla 1972-1977. Laus blöð í möppum.
3. Bréfasafn 1966-1967. Laus blöð í möppu.

IS-HD-2017-21-2 Búnaðarsamband Dalamanna

1. Fundargerðarbók 1947-1958. Innbundin, ótölusettar blaðsíður
2. Fundargerðarbók 1968-1983. Innbundin, 192 tölusettar blaðsíður, auðar 190-192.
3. Fundargerðarbók 1984-1996. Innbundin, ótölusettar blaðsíður.
4. Fundargerðarbók 1997-2001. Innbundin, 200 tölusettar blaðsíður, auðar síður 70-200.
5. Fundargerðarbók stjórnar 1947-1977. Innbundin, 152 tölusettar blaðsíður.

IS-HD-2017-21-3 Búnaðarsamband Dalamanna

1. Fundargerðarbók stjórnar 1977-1992. Innbundin, ótölusett, tvær auðar síður (opna) í miðri bók.



2. Fundargerðarbók stjórnar 1992-2002. Innbundin, 190 tölusettar blaðsíður, auðar síður 106-190.
Auk þess er ein útprentuð síða með fundargerð í bókinni.
3. Gjörðabók kjörmannafunda 1953-1986. Innbundin. Laus blöð í bókinni.
4. Yfirkjörfundarbók til búnaðarþings 1997. Innbundin.
5. Búnaðarsamband Dala og Snæfellsness 1914-1939

IS-HD-2017-21-4 Búnaðarsamband Dalamanna – Ólafsdalsnefnd

1. Minnisvarði Ólafsdalshjónanna. 1956-2014.
2. Heimildir um Ólafsdalsskóla og Ólafsdal.
3. Fundargerðir Ólafsdalsnefndar 1994-1997. Tölvuútprentanir á lausum blöðum frá fundum 27.6.1994, 25.1.1995, 12.7.1995, 16.1.1996 og 26.6.1997.
4. Starfsemi og rekstur Ólafsdalsnefndar.
5. Greinagerðir, minnisatriði og verksamningar varðandi endurbætur á skólahúsi.
6. Styrkir, umsóknir og svör.
7. Ársreikingar og uppgjör.
8. Bókhaldsgögn Ólafsdalsnefndar 1994-2008.